

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Veitustofnunar Seltjarnarness, heitt vatn, nr. 901/2012.

1. gr.

Samkvæmt reglugerð fyrir Veitustofnun Seltjarnarness nr. 237, 4. mars 2011 og orkulögum nr. 58/1967, með síðari breytingum hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Veitustofnunar Seltjarnarness, heitt vatn, nr. 901/2012, er tekur gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

2. gr.

3. gr. gjaldskrárinnar verður svohljóðandi:

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu eru sem hér segir:

Tegund	Veitusvæði	Kr.	2% skattur	Grunnur
Einingaverð	Sala í þéttbýli, húshitun	86	1,72	kr./m ³
Einingaverð	Sala í þéttbýli, til snjóbræðslu	86	1,72	kr./m ³
Einingaverð	Sala í þéttbýli, til iðnaðar	86	1,72	

Tegund	Stærð mælis	Kr.	2% skattur	Grunnur
Fast verð	A: 15 mm og stærri	22	0,44	kr./dag

Fast gjald er hluti af almennum taxa og í öllum öðrum samningum þar sem selt er samkvæmt mæli.

Fast verð er fyrir föstum kostnaði og er óháð stærð mælis. Gjaldinu er dreift jafnt niður á tímabil reikninga.

3. gr.

5. gr. gjaldskrárinnar verður svohljóðandi:

Fast gjald á heimæð fyrir hús allt að 300 m ³ að stærð	kr. 214.987
Umframgjald fyrir hús 300-1.000 m ³ að stærð	kr. 259 pr. m ³
Umframgjald fyrir hús yfir 1.000 m ³ að stærð	kr. 173 pr. m ³
1 rennismælir á grind	kr. 68.589

4. gr.

Aðrir liðir gjaldskrárinnar eru óbreyttir.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 8. desember 2017.

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

Kristján Skarphéðinsson.

Hreinn Hrafnkelsson.